

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 4-6
220 Hafnarfjörður.

B.t. Rósu Guðbjartsdóttur,
bæjarstjóra.

Hafnarfirði, 29. ágúst 2018.

Vísað er til erindisbréfs um myndun starfshóps er varðar uppbyggingu á Ásvöllum í samræmi við viljayfirlýsingu frá 24. maí 2018. Í erindisbréfinu er kveðið á um skipan starfshópsins sem starfar í umboði bæjarráðs og þar er tilgreint að tilnefna skuli 2 fulltrúa frá meirihluta, 1 fulltrúa frá minnihluta og 2 fulltrúa frá Haukum. Þá starfi með hópnum, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, sviðsstjóri fjármálasviðs og íþrótt- og tómstundafulltrúi.


Knattspyrnufélagið Haukar samþykkti á fundi aðalstjórnar Hauka sem haldinn var þann 28. ágúst sl. að tilnefna þá Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindra Karlsson sem fulltrúa Hauka, auk þess sem gert er ráð fyrir að Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka, starfi með hópnum.

Á ofangreindum fundi aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka urðu miklar umræður um þá ákvörðun bæjarstjórnar að hverfa frá fyrri stefnumörkun um að fjármögnun og eignarhald nýrra íþróttamannvirkja yrði alfarið í höndum Hafnarfjarðarbæjar. Breyting á stefnumörkun um fjármögnun og eignarhald íþróttamannvirkja kallar því á umræðu og mögulega breyttar áherslur varðandi byggingu nýrra íþróttamannvirkja í Hafnarfirði.

Knattspyrnufélagið Haukar telur að best fari á því að íþróttahreyfingin einbeiti sér að uppbyggilegu íþróttastarfi, fremur en að standa fyrir umfangsmiklum byggingarframkvæmdum og aukinni fjármálaumsýslu því tengdu.

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Hauka leggur áherslu á að gegnsæi og jafnræði ríki í samskiptum Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélög innan vébanda Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og að ákvarðanir bæjarstjórnar rýri ekki það traust og þann trúverðuleika sem nauðsynlegur er í samskiptum aðila.

Virðingarfyllt,
f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka



Magnús Gunnarsson,
framkvæmdastjóri.